

STJÓRNARTÍÐINDI B 84 – 1998

29. september 1998

1801

Nr. 566

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
			kg	%	kr./kg
0702.0001	Tómatar, nýir eða kældir	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	12.10.-18.10.98	ótilgr.	22,5	149
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	19.10.-31.10.98	ótilgr.	15	99
0704.1000	Blómkál	05.10.-11.10.98	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	12.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	26.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0705.1111	Jöklasalat	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0705.1112	Jöklasalat	01.10.-31.10.98	ótilgr.	30	0
0705.1191	Annað (salat)	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0705.1199	Annað (salat)	01.10.-31.10.98	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.10.-31.10.98	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.11.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffifilsblöð	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.10.-13.12.98	ótilgr.	15	97
0705.2900	Annað	14.12.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0706.9000	Annað	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0706.9000	Rauðrófur	01.10.-13.12.98	ótilgr.	22,5	102

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
0707.0021	Gúrkur	12.10.-18.10.98	ótilgr.	22,5	148
0707.0021	Gúrkur	19.10.-31.10.98	ótilgr.	15	99
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	26.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	01.10.-15.03.99	ótilgr.	7,5	100
0709.6002	Paprika	01.11.-15.03.99	ótilgr.	0	0
0709.6003	Paprika	01.10.-18.10.98	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika	19.10.-31.10.98	ótilgr.	15	199
<i>Úr tollnúmeri:</i>					
0709.6003	Paprika, lituó	01.10.-11.10.98	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, lituó	12.10.-18.10.98	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, lituó	19.10.-31.10.98	ótilgr.	30	0
<i>Tollnúmer:</i>					
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.10.-15.03.99	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 16. mars 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. september 1998.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.